

AUGLÝSING

um samning milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir.

Hinn 21. maí 1970 var undirritaður í Reykjavík samningur milli Íslands og Danmerkur til að komast hjá tvísköttun og koma í veg fyrir undanskot frá skattlagningu á tekjur og eignir. Forseti Íslands staðfesti samning þennan hinn 26. maí 1970. Gildistaka samningsins er miðuð við hinn 1. júní 1970 samkvæmt 1. mgr. 31. gr. hans.

Samningurinn er birtur sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 1. júní 1970.

Emil Jónsson.

Pétur Thorsteinsson.

Fylgiskjal.

SAMNINGUR

milli Lýðveldisins Íslands og
Konungsríkisins Danmerkur
til að komast hjá tvísköttun og koma í
veg fyrir undanskot frá skattlagningu á
tekjur og eignir.

OVERENSKOMST

mellem Kongeriget Danmark og
Republikken Island
til undgåelse af dobbeltbeskatning og
forhindring af beskatningsunddragelse
for så vidt angår indkomstskat og
formueskat.

FORSETI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS
og

HANS HÁTIGN KONUNGUR
DANMERKUR,

sem eru ásáttir um að gera með sér
samning til að komast hjá tvísköttun og
koma í veg fyrir undanskot frá skatt-
lagningu á tekjur og eignir, hafa í því
skyni skipað sem fulltrúa sína með
umboði:

FORSETI LÝÐVELDISINS ÍSLANDS:

Hr. Emil Jónsson, utanríkisráðherra

HANS HÁTIGN KONUNGUR
DANMERKUR:

Hr. Birger Ove Kronmann,
sérlegan ambassador með umboði

HANS MAJESTÆT KONGEN AF
DANMARK

og

PRÆSIDENTEN FOR REPUBLIKKEN
ISLAND,

der ønsker at afslutte en overenskomst
til undgåelse af dobbeltbeskatning og
forhindring af beskatningsunddragelse
for så vidt angår indkomstskat og
formueskat, har til det formål som deres
Befuldmægtigede udnævnt:

HANS MAJESTÆT KONGEN AF
DANMARK:

Hr. Birger Ove Kronmann,
overordentlig og befuldmægtiget
ambassadør

PRÆSIDENTEN FOR REPUBLIKKEN
ISLAND:

Hr. Emil Jónsson, udenrigsminister

sem, eftir að hafa skipzt á umboðum, er reyndust góð og gild, hafa orðið ásáttir um eftirfarandi:

I. KAFLI

GILDISSVIÐ SAMNINGSINS

1. gr.

Aðilar, sem samningurinn tekur til.

Samningur þessi tekur til aðila, sem eru heimilisfastir í öðru eða báðum aðildar-rikinum.

2. gr.

Skattar, sem samningurinn tekur til.

1. Samningur þessi tekur til skatta af tekjum og eignum, sem eru álagðir vegna hvors aðildarríkisins um sig, opinberra stofnana eða sveitarstjórna, án tillits til þess á hvern hátt þeir eru álagðir.

2. Til skatta af tekjum og eignum teljast allir skattar, sem lagðir eru á heildartekjur, heildareignir, eða á þætti tekna og eigna, þar með taldir skattar af ágóða af sölu lausafjár eða fasteigna, svo og skattar af verðmætisaukningu.

3. Gildandi skattar, sem samningurinn tekur til, eru aðallega þessir:

a) að því er Ísland varðar:

- 1) tekjuskattur til ríkisins;
- 2) eignarskattur til ríkisins;
- 3) tekjuútsvar til sveitarfélaga og
- 4) eignarútsvar til sveitarfélaga; (hér eftir nefndur „íslenskur skattur“);

b) að því er Danmörk varðar:

- 1) tekjuskattur til ríkisins;
- 2) eignarskattur til ríkisins;
- 3) tekjuútsvar til sveitarfélaga;
- 4) ellilífeyrisgjald;
- 5) sjómannaskattur;
- 6) sérstakur tekjuskattur og
- 7) kirkjuskattur; (hér eftir nefndur „danskur skattur“).

som, efter at have udvekslet deres fuldmagter og fundet disse i god og behørig form, er blevet enige om følgende bestemmelser:

KAPITEL I

OVERENSKOMSTENS ANVENDELSESOMRÅDE

Artikel 1

De af overenskomsten omfattede personer.

Denne overenskomst skal finde anvendelse på personer, som er hjemmehørende i en af eller begge de kontraherende stater.

Artikel 2

De af overenskomsten omfattede skatter.

1. Denne overenskomst skal finde anvendelse på indkomst- og formueskatter, der udskrives på hver af de kontraherende stater, deres politiske underafdelingers eller lokale myndigheders vegne uden hensyn til, hvorledes de opkræves.

2. Som indkomst- og formueskatter anses alle skatter, der pålignes på grundlag af hele indkomsten, hele formuen, eller dele af indkomsten eller formuen, herunder skatter på fortjeneste ved afhændelse af løsøre eller fast ejendom, såvel som skatter på formueforøgelse.

3. De gældende skatter, på hvilke overenskomsten finder anvendelse, er især:

a) For Islands vedkommende:

- 1) den nationale indkomstskat;
- 2) den nationale formueskat;
- 3) den kommunale indkomstskat; og
- 4) den kommunale formueskat (herefter omtalt som „islandsk skat“).

b) For Danmarks vedkommende:

- 1) indkomstskatten til staten;
- 2) formueskatten til staten;
- 3) indkomstskatten til kommunen;
- 4) folkepensionsbidraget;
- 5) sømandsskatten;
- 6) den særlige indkomstskat; og
- 7) kirkeskatten (herefter omtalt som „dansk skat“).

4. Samningurinn tekur einnig til allra þeirra skatta, sömu eða svipaðrar tegundar, sem síðar verða lagðir á til viðbótar eða í staðinn fyrir gildandi skatta. Í lok hvers árs skulu bær stjórnvöld í aðildar-rikjunum gefa hvort öðru upplýsingar um allar meiri háttar breytingar, sem gerðar hafa verið á skattalögum ríkjanna.

4. Overenskomsten skal også finde anvendelse på alle skatter af samme eller væsentlig samme art, der fremtidigt måtte blive pålagt som tillæg til eller i stedet for de gældende skatter. Ved slutningen af hvert år skal de kompetente myndigheder i de kontraherende stater give hinanden underretning om alle vigtige ændringer, som er blevet foretaget i deres respektive skattelove.

II. KAFLI SKILGREININGAR

3. gr.

Almennar skilgreiningar.

1. Í samningi þessum merkja neðangreind hugtök eftirfarandi, nema annað leiði af samhenginu:

- a) „Ísland“ merkir Lýðveldið Ísland, þar með talið sérhvert svæði þar sem, samkvæmt íslenskum lögum og í samræmi við alþjóðalög, yfirráðarétti Íslands verður beitt, að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðæfa landgrunnsins.
- b) „Danmörk“ merkir Konungsríkið Danmörku, þar með talið sérhvert svæði þar sem, samkvæmt dönskum lögum og í samræmi við alþjóðalög, yfirráðarétti Danmerkur verður beitt, að því er varðar rannsóknir og hagnýtingu náttúruauðæfa landgrunnsins; undanskilin eru þó Færeyjar og Grænland.
- c) „aðili“ merkir mann, félag eða sérhverja stofnun, sem telst skattskyld eining samkvæmt gildandi skattalögum um hvors aðildarríkis.
- d) „félag“ merkir sérhver samtök eða stofnun, sem telst persóna að lögum, að því er skatta varðar, í því aðildarríki, þar sem það er heimilisfast.

KAPITEL II DEFINITIONER

Artikel 3

Almindelige definitioner.

1. Hvis ikke andet fremgår af sammenhængen, skal i denne overenskomst:

- a) udtrykket „Island“ betyde Republikken Island herunder ethvert område, hvorover Island ifølge sin lovgivning og i overensstemmelse med international ret kan udøve suveræniserettigheder med hensyn til udforskning og udnyttelse af kontinentalsoklens naturforekomster;
- b) udtrykket „Danmark“ betyde Kongeriget Danmark herunder ethvert område, hvorover Danmark ifølge sin lovgivning og i overensstemmelse med international ret kan udøve suveræniserettigheder med hensyn til udforskning og udnyttelse af kontinentalsoklens naturforekomster; udtrykket omfatter ikke Færøerne og Grønland.
- c) udtrykket „person“ indbefatte en fysisk person, et selskab og enhver anden sammenslutning, der behandles som selvstændig skattesubjekt i henhold til den i hver af de kontraherende stater gældende skattelovgivning;
- d) udtrykket „selskab“ betyde enhver juridisk person eller enhver sammenslutning, der i skattemæssig henseende behandles som en juridisk person i den kontraherende stat, hvor den er hjemmehørende;

e) „fyrirtæki í aðildarríki“ og „fyrirtæki í hinu aðildarríkinu“ merkir fyrirtæki, sem rekið er af aðila, heimilisföstum í aðildarríki, og fyrirtæki, sem rekið er af aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu.

f) „bær stjórnvöld“ merkja, að því er Ísland varðar, fjármálaráðherrann eða umboðsmann hans, og að því er Danmörku varðar, fjármálaráðherrann eða umboðsmann hans.

2. Við framkvæmd aðildarríkis á ákvæðum samnings þessa skulu, nema annað leiði af efninu, öll hugtök, sem ekki eru skilgreind á annan hátt, hafa sömu merkingu og í lögum viðkomandi aðildarríkis, að því er varðar skatta þá, sem samningur þessi tekur til.

4. gr.

Heimilisfesti, að því er skattskyldu varðar.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „aðili heimilisfastur í aðildarríki“ sérhvern þann aðila, sem að lögum þess ríkis er skattskyldur þar vegna heimilisfesti, búsetu, stjórnaraðseturs eða af öðrum svipuðum ástæðum.

2. Þegar maður telst heimilisfastur í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl., skal úrskurða málið eftir neðangreindum reglum:

a) Maður telst heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann á fast heimili. Eigi hann fast heimili í báðum aðildarríkjunum, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, sem hann er nánar tengdur persónulega og fjárhagslega (miðstöð persónuhagsmuna).

b) Ef ekki er unnt að ákvarða, í hvoru aðildarríkinu maður hefur miðstöð

e) udtrykkene „foretagende i en af de kontraherende stater“ og „foretagende i den anden kontraherende stat“ betyde henholdsvis et foretagende, der drives af en person, som er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, og et foretagende, der drives af en person, som er hjemmehørende i den anden kontraherende stat;

f) udtrykket „kompetente myndigheder“ betyde i Island finansministeren eller hans befuldmægtigede stedfortræder, og i Danmark finansministeren eller hans befuldmægtigede stedfortræder.

2. Ved anvendelsen af denne overenskomst i en af de kontraherende stater skal ethvert udtryk, som ikke på anden måde er defineret, og medmindre andet følger af sammenhængen, tillægges den betydning, som det har i henhold til de i denne kontraherende stat gældende love om de skatter, hvorpå overenskomsten finder anvendelse.

Artikel 4

Skattemæssigt hjemsted.

1. I denne overenskomst anvendes udtrykket „hjemmehørende i en af de kontraherende stater“ på enhver person, som i henhold til lovgivningen i denne stat er skattepligtig dér på grund af hjemsted, bopæl, ledelsens sæde eller et andet lignende forhold.

2. Hvor en fysisk person efter bestemmelserne i stykke 1 anses for hjemmehørende i begge de kontraherende stater, skal følgende regler gælde:

a) han skal anses for at være hjemmehørende i den kontraherende stat, i hvilken han har en fast bolig til rådighed for sig. Såfremt han har en fast bolig til rådighed for sig i begge kontraherende stater, skal han anses for at være hjemmehørende i den kontraherende stat, med hvilken han har de stærkeste personlige og økonomiske forbindelser (midtpunkt for sine livsinteresser);

b) kan det ikke afgøres, i hvilken af de to kontraherende stater han har midt-

persónuhagsmuna sinna, eða ef hann í hvorugu aðildarríkinu á fast heimili, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann dvelst að jafnaði.

- c) Ef maður dvelst að jafnaði í báðum aðildarríkjunum eða í hvorugu þeirra, telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem hann á ríkisfang.
- d) Ef maður á ríkisfang í báðum eða hvorugu aðildarríkjunum, skulu bæir stjórnvöld í aðildarríkjunum leysa málið með gagnkvæmu samkomulagi.

3. Þegar aðili, annar en maður, telst eiga heimilisfesti í báðum aðildarríkjunum samkvæmt 1. tl., telst hann heimilisfastur í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn hans hefur aðsetur.

5. gr.

Föst atvinnustöð.

1. Í samningi þessum merkir hugtakið „föst atvinnustöð“ fasta atvinnustofnun, þar sem starfsemi fyrirtækisins fer að nokkru eða öllu leyti fram.

2. „Föst atvinnustöð“ er einkum:

- a) staður, þar sem framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur;
- b) útibú;
- c) skrifstofa;
- d) verksmíðja;
- e) verkstæði;
- f) náma, grjótnáma eða annar staður, þar sem náttúruauðafi eru nýtt;
- g) athafnasvæði fyrir byggingaframkvæmdir, mannvirkjagerð eða samsetningarvinna, sem stendur yfir lengur en 12 mánuði.

3. „Föst atvinnustöð“ tekur ekki til:

- a) aðstöðu, sem einskorðuð er við

punkt for sine livsinteresser, eller har han ikke en fast bolig til rådighed for sig i nogen af de kontraherende stater, skal hans anses for at være hjemmehørende i den kontraherende stat, i hvilken han sædvanligvis opholder sig;

- c) opholder han sig sædvanligvis i begge de kontraherende stater, eller har han ikke sådant ophold i nogen af dem, skal han anses for at være hjemmehørende i den stat, i hvilken han har statsborgerret;
- d) har han statsborgerret i begge de kontraherende stater, eller har han ikke statsborgerret i nogen af dem, vil de kompetente myndigheder i de to kontraherende stater afgøre spørgsmålet ved gensidig aftale.

3. Hvor en ikke-fysisk person efter bestemmelserne i stykke 1 anses for hjemmehørende i begge de kontraherende stater, skal den anses for at være hjemmehørende i den kontraherende stat, i hvilken dens virkelige ledelse har sit sæde.

Artikel 5

Fast driftssted.

1. I denne overenskomst betyder udtrykket „fast driftssted“ et fast forretningssted, hvor foretagendets virksomhed helt eller delvis udøves.

2. Udtrykket „fast driftssted“ skal navnlig indbefatte:

- a) et sted, hvorfra foretagendet ledes;
- b) en filial;
- c) et kontor;
- d) en fabrik;
- e) et værksted;
- f) en grube, et stenbrud eller et andet sted, hvor naturforekomster udnyttes;
- g) stedet for et bygnings-, anlægs- eller monteringsarbejde af mere end 12 måneders varighed.

3. Udtrykket „fast driftssted“ skal ikke indbefatte:

- a) anvendelsen af indretninger udelukkende til oplagring, udstilling eller ud-

geymslu, sýningu eða afhendingu á vörum í eigu fyrirtækisins;

- b) vörubirgða í eigu fyrirtækisins, sem eingöngu eru ætlaðar til geymslu, sýningar eða afhendingar;
- c) vörubirgða í eigu fyrirtækisins, sem eingöngu eru ætlaðar til vinnslu hjá öðru fyrirtæki;
- d) fastrar atvinnustofnunar, sem einungis er notuð í sambandi við vörukaup eða öflun upplýsinga fyrir fyrirtækið;
- e) fastrar atvinnustofnunar, sem einungis er notuð til auglýsingastarfsemi, upplýsingastarfsemi, vísindarannsóknar eða svipaðrar starfsemi, sem felur í sér undirbúnings- eða aðstoðarstörf vegna fyrirtækisins.

4. Aðili, sem hefur á hendi starfsemi í aðildarríki fyrir fyrirtæki í hinu aðildarríkinu — undanskilinn er þó óháður umboðsaðili samkvæmt 5. tl. — skal teljast föst atvinnustöð í fyrrnefnda ríkinu, ef hann hefur heimild til að gera samninga fyrir hönd fyrirtækisins í því ríki og að jafnaði beitir þessari heimild, nema starfsemi hans sé einskorðuð við vörukaup fyrir fyrirtækið.

5. Fyrirtæki í aðildarríki telst ekki hafa fasta atvinnustöð í hinu aðildarríkinu, þótt það reki þar viðskipti fyrir milligöngu miðlara, umboðsmanns eða annars óháðs umboðsaðila, svo framarlega sem þessir aðilar koma fram innan takmarka venjulegs atvinnurekstrar síns.

6. Þótt félag, sem er heimilisfast í aðildarríki, stjórnir eða sé stjórnað af félagi sem er heimilisfast í hinu aðildarríkinu eða rekur viðskipti í síðarnefnda ríkinu (annað hvort fyrir milligöngu fastrar atvinnustöðvar eða á annan hátt), leiðir það í sjálfu sér ekki til þess, að annað hvort þessara félaga sé föst atvinnustöð hins.

levering af varer tilhørende foretagendet;

- b) opretholdelsen af et varelager, tilhørende foretagendet, udelukkende til oplagring, udstilling eller udlevering;
- c) opretholdelsen af et varelager, tilhørende foretagendet, udelukkende til bearbejdelse hos et andet foretagende;
- d) opretholdelsen af et fast forretningssted udelukkende for at foretage indkøb af varer eller fremskaffe oplysninger til foretagendet;
- e) opretholdelsen af et fast forretningssted udelukkende i reklameøjemed, til indsamling af oplysninger, til videnskabelig forskning eller til udøvelse af lignende virksomhed, der for foretagendet er af forberedende eller hjælpende art.

4. En person, som udfører virksomhed i en af de kontraherende stater for et foretagende i den anden kontraherende stat — med undtagelse af en sådan uafhængig repræsentant, som omhandles i stykke 5 — skal anses for fast driftssted i den førstnævnte stat, såfremt han i denne stat har og sædvanligvis udøver en fuldmagt til at indgå aftaler i foretagendets navn, medmindre hans virksomhed er begrænset til indkøb af varer for foretagendet.

5. Et foretagende i en af de kontraherende stater anses ikke for at have et fast driftssted i den anden kontraherende stat, alene fordi det driver forretning i denne anden stat gennem en mægler, kommissionær eller anden uafhængig repræsentant, såfremt disse personer handler inden for rammerne af deres sædvanlige forretningsvirksomhed.

6. Den omstændighed, at et selskab, hjemmehørende i en af de kontraherende stater, behersker eller beherskes af et selskab, som er hjemmehørende i den anden kontraherende stat, eller som (enten gennem et fast driftssted eller på anden måde) udøver forretningsvirksomhed i den anden stat, skal ikke i sig selv bevirke, at et af de to selskaber anses for et fast driftssted for det andet.

III. KAFLI SKÖTTUN TEKNA

6. gr.

Tekjur af fasteign.

1. Tekjur af fasteign má skattleggja í því aðildarríki, þar sem fasteignin er.

2. Hugtakið „fasteign“ skal skýra í samræmi við lög þess aðildarríkis, þar sem fasteignin er. Í öllum tilvikum felur hugtakið í sér fylgifé með fasteign, áhöfn og tæki, sem notuð eru í landbúnaði og við skógarnytjar, réttindi varðandi landeignir samkvæmt reglum einkamálaréttarins, afnotarétt af fasteign og rétt til fastrar eða breytilegrar þóknunar sem endurgjald fyrir hagnýtingu eða rétt til að hagnýta námur, lindir og önnur náttúruauðæfi. Skip, bátar og loftför teljast ekki til fasteigna.

3. Ákvæði 1. tl. gilda um tekjur af beinni hagnýtingu, leigu og hvers konar öðrum afnotum fasteignar.

4. Ákvæði 1. og 3. tl. gilda einnig um tekjur af fasteign í eigu fyrirtækis og um tekjur af fasteign, sem hagnýtt er við sjálfstæða starfsemi.

7. gr.

Tekjur af atvinnurekstri.

1. Hagnaður fyrirtækis í aðildarríki er skattskyldur einungis í því ríki, nema fyrirtækið hafi með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar. Ef fyrirtækið hefur slíkan atvinnurekstur með höndum, má leggja skatt á hagnað fyrirtækisins í síðarnefnda ríkinu, en þó einungis að því marki, sem hagnaðurinn stafar frá nefndri fastri atvinnustöð.

KAPITEL III BESKATNING AF INDKOMST

Artikel 6

Indkomst af fast ejendom.

1. Indkomst af fast ejendom kan beskattes i den af de kontraherende stater, i hvilken ejendommen er beliggende.

2. Udtrykket „fast ejendom“ skal forstås i overensstemmelse med lovgivningen i den af de kontraherende stater, i hvilken ejendommen er beliggende. Udtrykket skal i alle tilfælde omfatte tilbehør til fast ejendom, besætning og inventar, der anvendes i landbrug og skovbrug, rettigheder på hvilke den almindelige lovgivning om fast ejendom finder anvendelse, brugsrettigheder til fast ejendom, såvel som rettigheder til varierende eller faste ydelser, der betales for udnyttelsen af eller retten til at udnytte mineralforekomster, kilder og andre naturforekomster; skibe, både og luftfartøjer anses ikke for fast ejendom.

3. Bestemmelsen i stykke 1 finder anvendelse på indkomst, der hidrører fra direkte brug, udlejning eller fra enhver anden form for udnyttelse af fast ejendom.

4. Bestemmelserne i stykke 1 og 3 finder også anvendelse på indkomst af fast ejendom, der tilhører et foretagende, og på indkomst af fast ejendom, der anvendes ved udøvelsen af frit erhverv.

Artikel 7

Fortjeneste ved forretningsvirksomhed.

1. Fortjeneste indvundet af et foretagende i en af de kontraherende stater kan kun beskattes i denne stat, medmindre foretagendet driver virksomhed i den anden kontraherende stat gennem et dér beliggende fast driftssted. Såfremt foretagendet driver sådan virksomhed, kan dets fortjeneste beskattes i den anden stat, men dog kun for så vidt angår den del deraf, som kan henføres til det faste driftssted.

2. Þegar fyrirtæki í aðildarríki hefur með höndum atvinnurekstur í hinu aðildarríkinu frá fastri atvinnustöð þar, skal hvort aðildarríkið um sig telja föstu atvinnustöðinni þann hagnað, sem ætla má að fallið hefði í hennar hlut, ef hún hefði verið sérstakt og sjálfstætt fyrirtæki, sem hefði með höndum sams konar eða svipaðan atvinnurekstur við sömu eða svipaðar aðstæður og kæmi sjálfstætt fram í skiptum við fyrirtæki það, sem hún er föst atvinnustöð fyrir.

3. Við ákvörðun hagnaðar fastrar atvinnustöðvar skal leyfa sem frádrátt útgjöld, sem leiða af því, að hún er föst atvinnustöð, þar með talinn kostnaður við framkvæmdastjórn og annar venjulegur stjórnunarkostnaður, hvort heldur kostnaðurinn er til orðinn í því ríki, þar sem fasta atvinnustöðin er eða annars staðar.

4. Að því leyti sem venja hefur verið í aðildarríki, að ákvarða hagnað fastrar atvinnustöðvar á grundvelli skiptingar heildarhagnaðar fyrirtækisins á hina ýmsu hluta þess, skal ekkert í 2. tl. útloka það aðildarríki frá því að ákveða skattskyldan hagnað eftir þeirri skiptingu, sem venja hefur verið. Aðferð sú, sem notuð er við skiptinguna, skal samt sem áður vera slík, að niðurstaðan verði í samræmi við þær meginreglur, sem ákveðnar eru í þessari grein.

5. Engan hagnað skal telja fastri atvinnustöð, vegna vörukaupa hennar fyrir fyrirtækið.

6. Við notkun ákvæða framangreindra töluliða, skal hagnaður, sem talinn er fastri atvinnustöð, ákvarðast eftir sömu reglum frá ári til árs, nema fullnægjandi ástæða sé til annars.

7. Þegar hagnaðurinn felur í sér tekjur, sem sérstök ákvæði eru um í öðrum greinum samnings þessa, skulu

2. I tilfælde, hvor et foretagende i en af de kontraherende stater driver virksomhed i den anden kontraherende stat gennem et dér beliggende fast driftssted, skal der i hver af de kontraherende stater til dette faste driftssted henføres den fortjeneste, som det kunne forventes at have opnået, hvis det havde været et uafhængigt foretagende, der udøvede den samme eller lignende virksomhed på samme eller lignende betingelser, og som under fuldstændigt frie forhold afsluttede forretninger med det foretagende, hvis faste driftssted det er.

3. Ved fastsættelsen af et fast driftssteds fortjeneste skal det være tilladt at fradrage udgifter, som er afholdt til gavn for det faste driftssted, herunder udgifter til ledelse og almindelig administration iøvrigt, hvadenten de afholdes i den stat, hvor det pågældende faste driftssted er beliggende, eller andre steder.

4. I det omfang, det har været sædvane i en af de kontraherende stater at beregne den fortjeneste, der kan henføres til et fast driftssted, på basis af en fordeling af foretagendets samlede fortjeneste mellem dets forskellige afdelinger, skal intet i stykke 2 hindre den pågældende kontraherende stat i at beregne den skattepligtige fortjeneste på basis af en sådan sædvanemæssig fordeling. Den anvendte fordelingsmetode skal imidlertid være af en sådan art, at den fører til resultater, som er i overensstemmelse med de principper, der er fastlagt i denne artikel.

5. Ingen fortjeneste skal kunne henføres til et fast driftssted, blot fordi det faste driftssted har foretaget vareindkøb for foretagendet.

6. Ved anvendelsen af de foregående stykker skal den fortjeneste, der skal henføres til det faste driftssted, fastsættes efter samme metode år for år, medmindre der er gode og fyldestgørende grunde for en anden fremgangsmåde.

7. Hvor er fortjeneste indeholder indkomster, som er omhandlet særskilt i andre artikler i denne overenskomst, skal

ákvæði þessarar greinar ekki hafa áhrif á gildi þeirra ákvæða.

8. gr.

Siglingar og loftferðir.

1. Hagnaður af rekstri skipa eða loftfara á alþjóðaleiðum skal einungis skattlagður í því aðildarríki, þar sem raunveruleg framkvæmdastjórn fyrirtækisins hefur aðsetur.

2. Ef aðsetur raunverulegrar framkvæmdastjórnar útgerðarfyrirtækis er um borð í skipi, skal hún teljast hafa aðsetur í því aðildarríki, þar sem eini eða aðalframkvæmdarstjóri fyrirtækisins er heimilisfastur.

3. Ákvæði 1. tl. skulu einnig eiga við um þátttöku íslenskra eða danskra fyrirtækja, sem hafa með höndum siglingar eða loftferðir á alþjóðaleiðum, í hverskonar rekstrarsamvinnu (pools).

9. gr.

Tengd fyrirtæki.

Þegar:

- a) fyrirtæki í aðildarríki tekur beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í hinu aðildarríkinu, eða
- b) sömu aðilar taka beinan eða óbeinan þátt í stjórn, yfirráðum eða fjármagni fyrirtækis í aðildarríki og fyrirtækis í hinu aðildarríkinu,

skulu eftirfarandi ákvæði gilda:

Ef fyrirtæki semja eða ákveða skilmála um innbyrðis samband sitt á viðskipta- eða fjármálasviðinu, sem eru frábrugðnar því, sem væri, ef fyrirtækin væru hvort öðru óháð, má allur hagnaður, sem án þessara skilmála hefði runnið til annars fyrirtækis, en rennur ekki til þess vegna skilmálanna, teljast sem hagnaður þess fyrirtækis og skattleggjast samkvæmt því.

bestemmelserne i disse andre artikler ikke berøres af bestemmelserne i denne artikel.

Artikel 8

Skibs- og luftfart.

1. Fortjeneste ved skibs- eller luftfartsvirksomhed i international trafik kan kun beskattes i den kontraherende stat, i hvilken foretagendets virkelige ledelse har sit sæde.

2. Såfremt den virkelige ledelse for et foretagende, der driver skibsfartsvirksomhed, har sit sæde ombord på et skib, skal foretagendet anses for at have sit sæde i den kontraherende stat, i hvilken den eneste eller vigtigste udøver af virksomheden er hjemmehørende.

3. Bestemmelserne i stykke 1 finder ligeledes anvendelse i tilfælde, hvor islandske eller danske foretagender, som beskæftiger sig med international skibs- eller luftfart, deltager i poolaftaler af en hvilken som helst art.

Artikel 9

Indbyrdes afhængige foretagender.

I tilfælde, hvor

- a) et foretagende i en af de kontraherende stater direkte eller indirekte deltager i ledelsen, kontrollen eller finansieringen af et foretagende i den anden kontraherende stat, eller
- b) samme personer direkte eller indirekte deltager i ledelsen, kontrollen eller finansieringen af både et foretagende i den ene af de kontraherende stater og et foretagende i den anden kontraherende stat,

og der i noget af disse tilfælde mellem de to foretagender er aftalt eller fastsat vilkår vedrørende deres kommercielle eller finansielle forbindelser, som afviger fra de vilkår, som ville være blevet aftalt mellem uafhængige foretagender, kan enhver fortjeneste, som, hvis disse vilkår ikke havde foreligget, ville være tilfaldet et af disse foretagender, medregnes til dette foretagendes fortjeneste og beskattes i overensstemmelse hermed.

10. gr.
Ágóðahlutir.

1. Ágóðahlutir, sem félag heimilisfast í aðildarríki greiðir aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu skulu einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „ágóðahlutir“ merkir í þessari grein tekjur af hlutabréfum, námuhlutabréfum, stofnbrefum eða öðrum réttindum, sem ekki eru skulda-kröfur, til hlutdeildar í hagnaði, svo og tekjur af öðrum félagsréttindum, sem jafngilda tekjum af hlutabréfum samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis, þar sem félagið, sem úthlutunina framkvæmir er heimilisfast.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi ágóðahlutanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem félag það, sem ágóðahlutina greiðir er heimilisfast, fasta atvinnustöð, sem eignarréttindin, sem ágóðahlutirnir eru greiddir af, eru raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.

4. Ef félag, sem er heimilisfast í aðildarríki, fær hagnað eða tekjur frá hinu aðildarríkinu, getur síðarnefnda ríkið ekki skattlagt ágóðahlutina, sem félagið greiðir aðilum, sem ekki eru heimilisfastir í því ríki, eða lagt skatt á úthlutaðan hagnað félagsins. Þetta gildir jafnt, þótt greiddu ágóðahlutirnir eða úthlutaði hagnaðurinn sé að öllu eða nokkru leyti hagnaður eða tekjur, sem hafa myndast í síðarnefnda ríkinu.

11. gr.
Vextir.

1. Vextir, sem myndast í aðildarríki og greiddir eru aðila heimilisföstum í

Artikel 10
Udbytte.

1. Udbytte, som udbetales af et selskab, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, til en person, som er hjemmehørende i den anden kontraherende stat, kan kun beskattes i denne anden stat.

2. Udtrykket „udbytte“ betyder i denne artikel indkomst af aktier, mineaktier, stifterandele eller — bortset fra gældsfordringer — andre rettigheder til andel i fortjeneste, såvel som indkomst fra andre selskabsrettigheder, der sidestilles med indkomst fra aktier i henhold til skattelovgivningen i den stat, i hvilken det selskab, der foretager udlodningen, er hjemmehørende.

3. Bestemmelsen i stykke 1 finder ikke anvendelse i tilfælde, hvor udbyttet oppebæres af en person, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, og som har et fast driftssted i den anden kontraherende stat, i hvilken det selskab, der udbetaler udbyttet, er hjemmehørende, såfremt de rettigheder, der ligger til grund for udlodningen, har direkte forbindelse med det faste driftssted. I så fald skal bestemmelserne i artikel 7 finde anvendelse.

4. Hvor et selskab, som er hjemmehørende i en af de kontraherende stater oppebærer fortjeneste eller indkomst fra den anden kontraherende stat, kan denne anden stat ikke lægge nogen skat på udbytte, som udbetales af selskabet til personer, der ikke er hjemmehørende i denne anden stat, eller underkaste selskabets ikke-udloddede indkomst nogen skat på ikke-udloddet indkomst, selv om det udbetalte udbytte eller den ikke-udloddede indkomst helt eller delvis består af fortjeneste eller indkomst fra kilder i denne anden stat.

Artikel 11
Renter.

1. Renter, der hidrører fra en af de kontraherende stater og betales til en i den anden kontraherende stat hjemme-

hinu aðildarríkinu, skulu einungis skattlagðir í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „vextir“ í þessari grein merkir tekjur af ríkisskuldabréfum, skuldabréfum eða skuldaviðurkenningum, án tillits til hvort þau eru tryggð með veði eða fela í sér rétt til hlutdeildar í hagnaði eða ekki, og hvers konar skuldakröfum, svo og allar aðrar tekjur, sem jafngilda tekjum af lánuðu fé, samkvæmt skattalöggjöf þess ríkis, þar sem tekjurnar mynduðust.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki þegar viðtakandi vaxtanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem vextirnir mynduðust, fasta atvinnustöð, sem skuldakrafan, sem vextina ber, er raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.

4. Vextir teljast hafa myndast í aðildarríki, þegar greiðandinn er ríkið sjálft, opinberar stofnanir þess, sveitarstjórnir eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar hins vegar aðilinn, sem vextina greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í aðildarríki eða ekki, rekur í aðildarríki fasta atvinnustöð og stofnað er til skuldbindingarinnar, sem vextina ber, í sambandi við föstu atvinnustöðina og vextirnir færðir henni til gjalda, þá skal telja vextina hafa myndast í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin er.

5. Þegar sérstakt samband milli greiðanda og viðtakanda eða milli beggja þessara aðila og þriðja aðila leiðir til þess, að vaxtafjárhæðin, miðuð við þá skuldakröfu, sem hún er greidd af, er hærri en sú vaxtafjárhæð, sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um, ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjár-

hørende person kan kun beskattes i denne anden stat.

2. Udtrykket „rente“ betyder i denne artikel indkomst af statsgældsbeviser, obligationer eller forskrivninger, hvad enten de er sikrede ved pant eller ikke, og hvad enten de indeholder en ret til andel i fortjeneste eller ikke, samt fordringer af enhver art, såvel som enhver anden indkomst, der i henhold til skattelovgivningen i den stat hvorfra indkomsten hidrører, betragtes som indkomst af pengelån.

3. Bestemmelsen i stykke 1 finder ikke anvendelse i tilfælde, hvor renten oppebæres af en person, der er hjemmehørende i en af de kontraherende stater, og som har et fast driftssted i den anden kontraherende stat, hvorfra renten hidrører, såfremt den fordring, der ligger til grund for den udbetalte rente, har direkte forbindelse med det faste driftssted. I så fald skal bestemmelserne i artikel 7 finde anvendelse.

4. Renter skal anses for at hidrøre fra en af de kontraherende stater, såfremt de udbetales af den pågældende stat selv, en politisk underafdeling deraf, en lokal myndighed eller en i den pågældende stat hjemmehørende person. Såfremt den person, der betaler renten — hvad enten den pågældende er hjemmehørende i en af de kontraherende stater eller ej — imidlertid i en af de kontraherende stater har et fast driftssted, i forbindelse med hvilket den gæld, hvoraf renten betales, blev stiftet, og renteudgiften afholdes af det pågældende faste driftssted, skal en sådan rente anses for at hidrøre fra den kontraherende stat, i hvilken det faste driftssted er beliggende.

5. I tilfælde, hvor en særlig forbindelse mellem den, der erlægger, og den, der modtager renten, eller mellem disse og en tredje person, har bevirket, at den erlagte rente set i forhold til den gældsfordring, hvorfor den er betalt, overstiger det beløb, som ville være blevet aftalt, såfremt den nævnte forbindelse ikke havde foreligget, skal bestemmelserne i denne artikel alene finde anvendelse på

hæðina. Þegar þannig stendur á, skal fjárhæðin, sem umfram er, vera skattskyld í samræmi við skattalög hvors aðildarríkis um sig, en taka skal í því sambandi tillit til annarra ákvæða samnings þessa.

12. gr. Þóknanir.

1. Þóknanir, sem myndast í aðildarríki og greiddar eru aðila heimilisföstum í hinu aðildarríkinu, skulu einungis skattlagðar í síðarnefnda ríkinu.

2. Hugtakið „þóknanir“ í þessari grein merkir sérhverjar greiðslur, sem tekið er við sem endurgjaldi fyrir afnotarétt eða rétt til hagnýtingar hvers konar höfundarréttar á bókmennta-, lista- eða vísindasviðinu, þar með taldar kvikmyndir, einkaleyfa, vörumerkja, munstra eða líkana, uppdráttar, leynilegra samsetningar- eða framleiðsluaðferða, eða fyrir afnotarétt eða rétt til að hagnýta iðnaðar-, viðskipta- eða vísindabúnað eða fyrir upplýsingar um reynslu og þekkingu á iðnaðar-, viðskipta- eða vísindasviðinu.

3. Ákvæði 1. tl. gilda ekki, þegar viðtakandi þóknanna er heimilisfastur í aðildarríki, en rekur í hinu aðildarríkinu, þar sem þóknanirnar mynduðust, fasta atvinnustöð, sem réttindin eða eignin, sem þóknanirnar stafa frá, er raunverulega bundin við. Í því tilviki gilda ákvæði 7. gr.

4. Þóknanir teljast hafa myndast í aðildarríki, þegar greiðandinn er ríkið sjálft, opinberar stofnanir þess, sveitarstjórnir eða aðili heimilisfastur í því ríki. Þegar, hins vegar, aðilinn, sem þóknanirnar greiðir, hvort sem hann er heimilisfastur í aðildarríki eða ekki, rekur í aðildarríki fasta atvinnustöð og samningurinn, sem greiðsla þóknanna byggist á, hefur verið gerður í sambandi við föstu atvinnustöðina og þær færðar henni til

det sidstnævnte beløb. I så fald skal det overskydende beløb kunne beskattes i overensstemmelse med lovgivningen i hver af de kontraherende stater under behørig hensyntagen til de øvrige bestemmelser i denne overenskomst.

Artikel 12 Royalties.

1. Royalties, der hidrører fra en af de kontraherende stater og betales til en person, som er hjemmehørende i den anden kontraherende stat, kan kun beskattes i denne anden stat.

2. Udtrykket „royalties“ betyder i denne artikel betaling af enhver art, der modtages som vederlag for anvendelsen af eller retten til at benytte enhver ophavsret til et litterært, kunstnerisk eller videnskabeligt arbejde, herunder spillefilm, ethvert patent, varemærke, mønster eller model, tegning, hemmelig formel eller fremstillingsmetode, eller for anvendelsen af eller retten til at benytte industrielt, kommercielt eller videnskabeligt udstyr, eller for oplysninger om industrielle, kommercielle eller videnskabelige erfaringer.

3. Bestemmelsen i stykke 1 finder ikke anvendelse i tilfælde, hvor den i en af de kontraherende stater hjemmehørende modtager af nævnte royalties har et fast driftssted i den anden kontraherende stat, fra hvilken de nævnte royalties hidrører, såfremt den rettighed eller ejendom, som ligger til grund for de nævnte royalties, har direkte forbindelse med det faste driftssted. I så fald skal bestemmelserne i artikel 7 finde anvendelse.

4. Royalties skal anses for at hidrøre fra en af de kontraherende stater, når de erlægges af den pågældende stat selv, en politisk underafdeling, en lokal myndighed eller en i den pågældende stat hjemmehørende person. Såfremt den person, som erlægger de nævnte royalties — hvad enten den pågældende er hjemmehørende i en af de kontraherende stater eller ej — imidlertid i en af de kontraherende stater har et fast drifts-

gjalda, þá skal telja þóknanirnar hafa myndast í því aðildarríki, þar sem fasta atvinnustöðin er.

5. Þegar sérstakt samband milli greiðanda og viðtakanda, eða milli beggja þessara aðila og þriðja aðila, leiðir til þess, að fjárhæð þóknanna, miðuð við þau afnot, réttindi eða upplýsingar, sem greitt er fyrir, er hærri en sú fjárhæð, sem greiðandi og viðtakandi hefðu samið um, ef þetta sérstaka samband hefði ekki verið fyrir hendi, þá skulu ákvæði þessarar greinar einungis gilda um síðarnefndu fjárhæðina. Þegar þannig stendur á, skulu greiðslurnar, sem umfram eru, vera skattskyldar í samræmi við skattalög hvors aðildarríkis um sig, en taka skal í því sambandi tillit til annarra ákvæða samnings þessa.

13. gr.

Ágóði af eignum.

1. Ágóða af sölu fasteignar, sem nánar er skilgreind í 2. tl. 6. gr., má skattleggja í því aðildarríki, þar sem fasteignin er.

2. Ágóða af sölu lausafjár, sem er hluti atvinnurekstrareignar fastrar atvinnustöðvar, sem fyrirtæki í aðildarríki rekur í hinu aðildarríkinu, má skattleggja í síðarnefnda ríkinu. Hið sama gildir um sölu lausafjár, sem tilheyrir fastri stofnun, sem aðili heimilisfastur í aðildarríki hefur í hinu aðildarríkinu í sambandi við sjálfstæða starfsemi sína. Þetta á einnig við um ágóða af sölu fastrar atvinnustöðvar (einnar sér eða ásamt fyrirtækinu í heild) eða fastrar stofnunar. Ágóði af sölu lausafjár þeirrar tegundar, sem greinir í 3. tl. 23. gr., er hins vegar einungis skattskyldur í því

sted, í forbindelse med hvilket forpligtelsen til erlæggelsen af de nævnte royalties blev påtaget, og disse royalties belastes dette faste driftssted, skal disse royalties anses for at hidrøre fra den kontraherende stat, hvori det faste driftssted er beliggende.

5. I tilfælde, hvor en særlig forbindelse mellem den, der erlægger, og den, der modtager nævnte royalties, eller mellem disse og en tredje person, har bevirket, at de erlagte royalties i betragtning af den anvendelse, rettighed eller oplysning, for hvilken de erlægges, overstiger det beløb, som ville være blevet aftalt, såfremt den nævnte forbindelse ikke havde foreligget, skal bestemmelserne i denne artikel alene finde anvendelse på det sidstnævnte beløb. I så fald skal den overskydende del af det erlagte beløb kunne beskattes i overensstemmelse med lovgivningen i hver af de kontraherende stater under behørig hensyntagen til de øvrige bestemmelser i denne overenskomst.

Artikel 13

Fortjeneste ved afståelse af formuegenstande.

1. Fortjeneste ved afståelse af fast ejendom — som defineret i artikel 6, stk. 2 — kan beskattes i den kontraherende stat, i hvilken ejendommen er beliggende.

